

Umhverfis-, orku- og loftslagsmálaráðuneyti
Skuggasundi 1-3
101 Reykjavík

sent í gegnum samráðsgátt

Reykjavík, 2. nóvember 2022

Umsögn Landverndar um Grænbók um líffræðilega fjölbreytni íslenskra vistkerfa, mál nr. 180/2022

Stjórn Landverndar hefur kynnt sér ofangreinda Grænbók og vill koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum.

Grænbókin er mjög mikilvægt yfirlit yfir stöðu og áskoranir á Íslandi í málefnum sem snerta líffræðilega fjölbreytni. Að mati stjórnar Landverndar er Grænbókin vel unnin, yfirgripsmikil og fræðandi. Kaflar um alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að eru afar vel ritaðir og upplýsandi. Skýrt kemur fram í Grænbókinni hve mikilvæg íslensk vistkerfi eru í íslensku sem alþjóðlegu samhengi. Grænbókin greinir ágætlega frá því hvar pottur er brotin í stjórnsýslu í þessum málaflokki.

Stjórn Landverndar þakkar fyrir góða vinnu og vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri.

Náttúruminjaskrá og Emerald Network

Vel hefði mátt kveða fastar að orði í umfjöllun um náttúruminjaskrá til dæmis á bls. 62 í Grænbókinni. Náttúrufræðistofnun Íslands gaf út árið 2018 heildstæðar tillögur sem eiga að vernda íslensk vistkerfi og þá líffræðilegu fjölbreytni sem þar er að finna¹. Stjórnvöld, það er umhverfisráðuneyti, Umhverfisstofnun og Alþingi hafa heykst á því að veita þessum tillögum framgöngu sem er þó lagaleg skylda þeirra. Úr þessu verður að bæta án tafar og er eitt brýnasta verkefni í verndun vistkerfa og þar með líffræðilegrar fjölbreytni á Íslandi.

Í umfjöllun um Emerald Network hefði þurft að skýra frá því að þau svæði sem umhverfisráðuneytið hefur lagt til inn í Emerald Network, eftir margar ára umþóttunartíma, eru nú þegar vernduð og byggja ekki á grunnhugmyndinni um aðferðafræði við val á svæðum inn í Emerald Network. Emerald Network er einmitt net verndarsvæða sem tryggja vernd búsvæða og tegunda eins og tillögur Náttúrufræðistofnunar frá 2018 gera. Umhverfisráðuneytið viðrist í sínum afar takmörkuðu tillögum frá 2021 ekki gera sér fyllilega grein fyrir eðli og tilgangi Emerald Network.

Grunnreglur umhverfisréttar

Nauðsynlegt er að fjalla um grunnreglur umhverfisréttar í svo mikilvægu skjali eins og Grænbók um líffræðilega fjölbreytni er. Þessar reglur eru tvær: varúðarreglan þar sem segir að náttúran eigi að njóta

¹ [Náttúruminjaskrá | Icelandic Institute of Natural History \(ni.is\)](https://www.ni.is/)

vafans og mengunarbótarreglan þar sem sá sem mengar á að greiða fyrir þann kostnað sem af menguninni hlýst. Yfirvofandi hrun vistkerfa og hamfarahlýnun sýna að báðar þessar reglur eru þverbrotnar um allan heim. Í sambandi við Grænbókin hefði mátt vísa í þessar reglur þegar kemur að umfjöllun um mengun og sérstaklega í umfjöllun um verndun hafsvæða. Þar er mikið talað um vöntun á greiningum og rannsóknum, sem er rétt, en nauðsyn er að benda á að á sama tíma verður náttúran að fá að njóta vafans. Það er að segja, að á meðan ekki er ljóst hver skaðinn til dæmis af botnvörpuveiðum er, verður að bíða með að stunda þær. Þetta er inntak varúðarreglunnar.

Þekking á líffræðilegri fjölbreytni

Eins og áður sagði er Grænbókin gott yfirlit og getur þjónað sem fræðsluefni um inntak hugtaksins líffræðileg fjölbreytni. Stjórn Landverndar hvetur ráðuneytið til þess að nýta þá góðu vinnu sem fram hefur farið við gerð Grænbókarinnar til þess að fræða stofnanir stjórnvalda, önnur ráðuneyti og sveitafélög um hvað felst í hugtakinu. Í skjalinu kemur skýrt fram að skortur er á þekkingu um líffræðilega fjölbreytni í stjórnkerfinu, til dæmis í umfjöllun um hlutverk Skógræktarinnar hvað varðar líffræðilega fjölbreytni (kafla 2.1.4).

Menntun til sjálfbærni og fræðsluefni

Í kafla 3.3.9 er fjallað um menntastefnu og í kafla 3.3.10 um aðalnámskrá. Á vegum Landverndar er starfrækt öflugt verkefni fyrir öll skólastig sem tengjast verkefninu Skólar á grænni grein². Þar hefur verið gefið út mikið af efni sem nýtist til fræðslu um vistkerfi, endurheimt og líffræðilega fjölbreytni³. Grunnur verkefnisins er menntun til sjálfbærni⁴. Verkefnið Skólar á grænni grein veitir samfélaginu öllu aðgengi að menntun til sjálfbærni sem getur nýst til þess að auka þekkingu allra á þessum málum óháð aldri. Stjórn Landverndar bendir á að mikið af námsefni og leiðbeiningum er nú þegar fyrir hendi sem nýta má til fræðslu og þekkingaraukningu um vistkerfi, vistheimt og lífbreytileika. Með því að auka útbreiðslu þessa efnis, sem er aðgengilegt, má koma á móts við þau sjónarmið sem koma fram í framangreindum köflum.

Á bls. 80 er fjallað um aðgerðir sem gætu aukið þekkingu almennings á náttúruvernd en eins og fjallað er um annars staðar í þessari umsögn er einnig þörf á fræðslu til stofnanna ríkisins og fyrirtækja um gildi náttúruverndar. Að mati stjórnar Landverndar er skynsamlegt að nýta Grænbókina til fræðslu innan stofnanna ríkisins, ráðuneyta og Alþingis.

² [Um skóla á grænni grein, Grænfánaverkefnið - Landvernd](#)

³ [Námsefni: Lifandi náttúra - Lífbreytileiki á tækniöld hlýtur verðlaun - Skólar á grænni grein \(landvernd.is\)](#)
[Vistheimt á gróðursnauðu landi - Handbók og námsefni - Landvernd](#)
[Hreint haf \(rafbók\) | Menntamálastofnun \(mms.is\)](#)
[Náttúra til framtíðar \(rafbók\) | Menntamálastofnun \(mms.is\)](#)
[Hreint haf - Plast á norðurslóðum \(rafbók\) | Menntamálastofnun \(mms.is\)](#)
[VERKEFNAKISTA LANDVERNDAR | SANNKALLAÐUR FJÁRSJÓÐUR](#)

⁴ [Menntun til sjálfbærni - Veforg, veforg um sjálfbærnimenntun - Landvernd](#)

Ljóst er að mikill skortur er á almennum skilningi á líffræðilegri fjölbreytni og náttúruvernd í samfélaginu öllu. Aðgerðir til að bæta þar úr eru undirstaða þess að viðunandi árangur náist í vernd líffræðilegrar fjölbreytni.

Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna

Í grænbókinni er ekki fjallað um það að eina heimsmarkmiðið þar sem OECD metur Ísland vera í afturför er einmitt markmið 15, líf á landi⁵ (sjá til dæmis kafla 3.3.1). Það er mikið áhyggjuefni og ætti að vera kveikja að beittum aðgerðum að hálfu stjórnvalda og hefði þurft umfjöllun í grænbókinni. Þetta bendir til þess að stjórnvöld setji vernd vistkerfa og líffræðilega fjölbreytni ekki í fyrirrúm eins og má í raun lesa út úr annarri umfjöllun í Grænbókinni eins og í umfjöllun um Náttúruminjaskrá.

Verndarsvæði

Verndarsvæði eru ein mikilvægasta leiðin til þess að tryggja líffræðilega fjölbreytni. Í Grænbókinni virðist ekki vera fullur skilningur á mikilvægi verndarsvæða. Dæmi eru m.a. í umfjöllun um Vatnajökulsþjóðgarð og Þjóðgarðinn á Þingvöllum (kafla 2.1.2.) þar sem eingöngu er fjallað um ágengar tegundir. Ekki skal dregið úr mikilvægi þess að hefta útbreiðslu ágengra tegunda. En þjóðgarðarnir eru einstaklega mikilvægir til þess að vernda vistkerfi og tegundir sem finnast innan þeirra burtséð frá ágengum tegundum.

Meira mætti fjalla um 30x30 hugmyndir sameinuðu þjóðanna þar sem þjóðir heims eru hvattar til að vernda 30% hafsvæða og 30% landsvæða fyrir 2030 þrátt fyrir góðan útdrátt í kafla 3.5.8. Stjórn Landverndar tekur heilhugar undir niðurstöðu starfshópsins á bls. 75 um þetta þar sem segir: „*Flest þessi atriði má yfirfæra á Ísland og þarf að leggja mat á mikilvægustu áherslur samningsins fyrir þær áskoranir sem íslenskt lífríki stendur frammi fyrir og tengja íslensku samfélagi. Jafnframt er eðlilegt að horfa til þessara áherslna og markmiða samningsins við mótun stefnu fyrir Ísland.*“ Það er ekki síst í hafinu sem mikið verk er framunda til að ná markmiðinu 30x30.

Hið virta ráðgjafafyrirtæki McKinsey hefur komist að því að verndun 30% hafsvæða og 30% landsvæða myndi þýða betri heilsu, minni gróðurhúsalofttegundir í andrúmslofti og fleiri störf⁶. Brýnt er að Ísland geri sitt til þess að verða við þessu kalli og sé almennt leiðandi í verndun hafsvæða en ekki bara í nýtingu fiskistofna. Mikil tækifæri eru á Íslandi til þess að vernda landsvæði með sterkum náttúruverndarrökum án teljandi árekstra við landnýtingu.

Stjórn Landverndar tekur ekki undir þá fullyrðingu að almennt megi ná fullnægjandi vernd án friðana, eins lesa skilja má af lýsingu í kafla 4.3.1. Friðlýsingar eru öflugast leiðin til verndar líffræðilegri

⁵ [Sustainable Development Report 2022 \(sdgindex.org\)](https://www.sdgindex.org/)

⁶ [Valuing nature conservation | McKinsey](https://www.mckinsey.com/industries/natural-resources-and-environment/our-insights/valuing-nature-conservation)

fjölbreytni og þó friðun tegunda og búsvæða utan friðlýstra og sérstakir samningar við landeigendur séu einnig gagnleg viðbót við formlega friðlýst svæði.

Þurrlandi og búfjárbreit

Stjórn Landverndar bendir á [skýrslu Landverndar frá 2021 um lausagöngu búfjár](#) og umfjallanir í umsögnum um gæðastýringu í sauðfjárrækt⁷. Ljóst er að gæðastýringarkerfi í sauðfjárrækt í núverandi formi nær ekki til landnýtingarþátts. Nægir að minn á að 25% af öllu Íslandi er illa farið beitiland⁸. Í Grænbókinni er ágætisumfjöllun um áhrif beitar á land en þó hefði mátt leggja meiri áherslu á að beitarstýring getur verið skilvirk leið til verndar gróðurs og líffjölbreytileika og leið til að vernda vistkerfi og stuðla að sjálfbærri landnýtingu. Beitarstýring er ekki í hávegum höfð í dag. Í því sambandi má ekki gleymast að hrossabeit getur haft verulega neikvæð áhrif á viðkvæm vistkerfi og líffræðilega fjölbreytni. Mikil fjöldi hrossa sem beitt er á framræst svæði án fyrirbyggju getur valdið umtalsverðum skaða og viðhaldið þeim í röskuðu ástandi.

Stjórn Landverndar telur að heildstæð stefna um landnýtingu á Íslandi sé tímabær, undir landskipulagsstefnu þar sem sjálfbær landnýting verður að vera algjört skilyrði. Slæmt ástand landsins og fjöldi vistkerfa í hnignun eða sem eru hrúnin þarf að vera mun greinilegra í grænbókinni og aðgerðir til að stöðva ósjálfbæra landnýtingu eins og beit á illa förnu landi eða veglagningu í lítt röskuðum vistkerfum verða að vera í forgrunni.

Ekki skal dregið úr mikilvægi þess að vernda fjölbreytileika í erfðaeftni búfjárstofna eins og m.a. kemur fram í kafla 3.3.5). Það er hins vegar spurning hvort það efni á að fá mikið rými í Grænbókinni eins og raun ber vitni þar sem megin áskorunin er hnignun vistkerfa og tap á líffræðilegri fjölbreytni sem ætti að vera í algjörum forgrunni Grænbókarinnar.

Endurheimt Votlendis

Um 50% votlenda á Íslandi eru röskuð. Markmið um að endurheimta 20% af því er vissulega stórt verkefni en dugir engan vegin til. Óþarft er að tíunda hér um margþættan ávinning af endurheimt votlendis. Verkefni sem eru ódýr í framkvæmd en hafa mikinn ávinning í för með sér eins og endurheimt votlendis ættu að vera í algjörum forgangi. Þá verður að koma böndum á nýframkvæmdir þar sem votlendi eru ræst fram og setja skýrar reglur um leyfi og eftirlit með þeim. Sveitafélög hafa ekki bolmagn til að sinna því í dag eins og raun ber vitni. Í kafla 3.3.2 er upptalning á aðgerðum til verndar votlenda en vantar algjörlega að fjalla um leiðir til að takmarka nýjar framræsingar.

Jarðvegur

⁷ [Umsögn Landverndar um ráðstöfun almannaþings við gæðastýringu í sauðfjárrækt, 32. mál. - Landvernd](#)

⁸ [Stöðumat/beitarlönd 2020 | GróLind \(grolind.is\)](#)

Nokkurs misskilnings virðist gæta í meðförum grænbókarinnar á mikilvægi jarðvegs fyrir líffræðilega fjölbreytni. Fjölbreytt vistkerfi á landi hvíla á frjósömum jarðvegi eins og fram kemur í grænbókinni. En heilbrigður jarðvegur er ekki bara undirstaða líffræðilegrar fjölbreytni vistkerfa heldur er hann í sjálfu sér líffræðilega fjölbreyttur og inniheldur einstök vistkerfi smádýra, sveppa og baktería. Vegna þess að Ísland hefur tapað gríðarlegu magni af jarðvegi vegna manna verka ætti að leggja mun ríkari áherslu á jarðveg í grænbókinni og á aðgerðir til að vernda hann. Þar má til dæmis nefna beitarstýringar, fræðslu um og rannsóknir á jarðvegi og endurheimt raskaðra vistkerfa.

Í kaflanum um mengaðan jarðveg á bls. 69 þarf einnig að geta um áburð, bæði tilbúin áburð og lífræna, sem mögulega mengunarvald ef ekki er staðið rétt að verki.

Ágengar tegundir

Líffræðilegri fjölbreytni er ógnað af ágengum tegundum, þó hún sé margt annað en ágengar tegundir. Grænbókin er gott umræðuþlag til að byrja fræðslu hjá stofnunum um líffræðilega fjölbreytni og útdrátturinn fremst er mjög góður fræðslutexti. Á Íslandi virðist vera mikil tregða til að bæta nýjum tegundum inn á lista yfir ágengar tegundir sem þarf að umgangast með varúð. Dæmi um þetta er stafafura, en rannsóknir hér á landi og reynsla víða erlendis, benda til þess að hún sé mjög ágeng. Það er rík ástæða til að tilgreina þetta í kafla 3.3.2 og 3.5.5 og að fjalla um þessa stóru áskorun víðar í Grænbókinni og hvetja til úrbóta. Eins og fram kemur í Grænbókinni í kafla 4.3.3 er mun kostnaðarsamara að hefta ágengar tegundir þegar þær eru komnar inn í lífríkið og því eru fyrirbyggjandi aðgerðir bæði skynsamlegar og nauðsynlegar.

Haf- og strandsvæði

Í kafla 3.3.7 er fjallað um haf- og strandsvæðaskipulag. Það hefði geta orðið gríðarlega mikilvægt tæki til þess að fjalla um vernd og sjálfbæra nýtingu. Því miður gefur tillaga um fyrsta skipulagið um strandsvæðaskipulag Austfjarða ekki tilefni til bjartsýni. [Landvernd bendir á umsögn sína um strandsvæðaskipulagið](#) þar sem hagsmunaaðilar í fiskeldi hafa fengið ítrustu kröfur sínar fram og í raun engin vernd þar til umfjöllunar nema á svæðum sem þegar eru friðuð. Hér verður að gera mun betur og mætti fjalla nánar um það. Þá er mjög óljóst hvernig sjálfbærnistefna sjávarútvegsins getur átt erindi inn í Grænbókina (bls. 41).

Í Grænbókinni er þó fjallað með viðeigandi hætti um þær ógnir sem íslensku lífríki stafar af fiskeldi til dæmis á bls. 65-6 en geta þarf um nýlegar athuganir í laxveiðiám á Vesturlandi þar sem veiðst hefur mikill fjöldi eldislaxa.

Á bls. 50 í Grænbókinni er vel farið yfir hversu mikið þarf að bæta í vernd haf- og strandsvæða.

Lýðheilsa og umhverfi

Mjög gott er að sjá nána umfjöllun um lýðheilsuáhrif af verndun vistkerfa og umhverfis og eiga skýrsluhöfundar hrós skilið fyrir að tengja þessa þætti saman. Stjórn Landverndar bendir til viðbótar á fjölmargar og ítarlegar greiningar á mataræði sem er gott fyrir umhverfi og lýðheilsu eins og til dæmis [Lancet EAT](#). Þar kemur skýrt fram að neysla á rauðu kjöti þarf að dragast verulega saman en mælt er með að íbúar Vesturlanda neyti ekki meira en 100 g af rauðu kjöti á viku af umhverfis- og lýðheilsuástæðum. Þessara rannsókna mætti vitna til í Grænbókinni.

Landbúnaður

Á bls. 59 er fjallað um áhrif Landbúnaðar á líffræðilega fjölbreytni sem almennt er mjög neikvæð, ekki bara á heimsvísu heldur líka á Íslandi. Taka verður á umhverfisáhrifum landbúnaðar á Íslandi eins og losun gróðurhúsalofttegunda, beit á illa förnu landi, framræslu votlendis og skort á endurheimt, tapi á jarðvegi í túnrækt og mengun þegar ekki er staðið vel að áburðargjöf. Þá verður að draga úr framleiðslu á rauðu kjöti vegna loftslagsáhrifa og mikillar land- og vatnsnotkunar. Sérstakt er að mikið rými í grænbókinni er veitt til að fjalla um áhrif ræktunar pálmaolíu, sem eru vissulega mjög neikvæð á líffræðilega fjölbreytni á heimsvísu, en allt of lítið er fjallað um um neikvæð áhrif beitar á illa förnu landi, hnignun jarðvegs vegna rangrar landnýtingar og skort stjórnvalda á viðbrögðum við ósjálfbærri landnýtingu.

Samgöngur

Samgöngumannvirki og samgöngur valda bæði skaða á vistkerfum og losun gróðurhúsalofttegunda auk þess sem mikið land er lagt undir. Mikil þörf er að auknum skilningi hjá stjórnvöldum og sérstaklega hjá Vegagerðinni á þessu. Í Grænbókinni er greinargóð umfjöllun um mikilvægi sjávarfitja og leira og neikvæðra áhrifa af veglagningu á þessi vistkerfi. Orðalagið „umhverfislega sjálfbær“ í samgönguáætlun er illskiljanlegt og mætti í Grænbókinni krefjast mjög bættrar stefnumótunar og aðgerða til þess að samgöngur gangi ekki gegn öðrum stefnum og lögum þegar kemur að líffræðilegri fjölbreytni og losun gróðurhúsalofttegunda. Gott dæmi er að finna í Grænbókinni um hve veik áhersla er á umhverfisvernd í samgönguáætlun: „*Meðal almennra áherslna er að við hönnun, framkvæmd, rekstur og viðhald mannvirkja verði tekið tillit til umhverfissjónarmiða.*“ en orðalagið „tekið tillit til“ er allt of veikt og hlýtur í raun að vera sjálfsgagt. Enn fremur kemur fram í Grænbókinni: „*Hugtök eins og líffræðileg fjölbreytni, náttúra, náttúruvernd eða lífríki koma ekki fyrir í samgönguáætlun.*“ sem er vitaskuld stórkostlegt áhyggjuefni. Stjórn Landverndar hefur ítrekað komið á framfæri sömu sjónarmiðum í umfjöllun um samgöngumál án þess að stjórnvöld leggi við hlustir. Vonandi ná þessar athugasemdir í Grænbókinni eyrum stjórnvalda.

EES

Í umfjöllun um EES-reglur sem hafa með líffræðilega fjölbreytni að gera (kafla 1.3.5.) vantar umfjöllun um Árósasáttmálann⁹ sem gegnir mikilvægu hlutverki í lýðræðislegri og faglegri ákvarðanatöku í

⁹ [Árósasamningurinn tryggir rétt almennings til að koma að ákvarðanatöku um náttúruna. \(landvernd.is\)](#)

umhverfismálum sem og um reglur um mat á umhverfisáhrifum. Ísland hefur ítrekað brotið gegn EES-reglum um mat á umhverfisáhrifum og hefur Eftirlitsstofnun EES-samningsins, ESA kvartanir Landverndar og annarra umhverfisverndarsamtaka til meðferðar¹⁰. Þá vantar einnig umfjöllun um mat á umhverfisáhrifum þegar aðkoma Skipulagsstofnunar að líffræðilegri fjölbreytni er rædd (kafla 2.1.8). Jafnframt þarf að fjalla um mat á umhverfisáhrifum í kafla 3.5.1

Stefnur og aðgerðir

Mjög gott yfirlit er yfir þær stefnur stjórnvalda sem til staðar eru í málefnum sem varða líffræðilega fjölbreytni t.d. í kafla 3.3. Þó er ljóst að samhæfingu skortir og góðar aðgerðaáætlanir sömuleiðis. Undantekningin er þó nýútkomin aðgerðaáætlun í landgræðslu og skógrækt (kafla 3.3.8) og er það von Landverndar að vinna við hana hefjist strax og góð sátt náist um þau stefnumið sem þar eru settar fram og að þau raungerist við framkvæmd skógræktar og landgræðslu.

Þá er í kafla 3.5.1 fjallað mikið um ábyrgð neytenda en stjórnvöld verða með stefnum, aðgerðaáætlunum, lögum og reglum að setja hömlur á framleiðslu sem er í andstöðu við vernd náttúru og umhverfis. Alvarleg neikvæð umhverfisáhrif eiga ekki að hvíla á herðum neytenda heldur stjórnvalda. Dæmi um lífræna ræktun sýnir að þrátt fyrir almennan stuðning neytenda við lífræna ræktun eru fáir sem sætta sig við þau viðbótarútgjöld sem felst í því að kaupa lífrænar vörur. Ef mengunarbóta- og varúðarreglu umhverfisréttar væri beitt væru lífrænar vöru að miklum líkindum ódýrari en þær sem valda meiri skaða og mengun.

Nauðsynlegt er að fjalla með skýrum hætti í grænbókinni um ábyrgð og skyldur sveitafélaga þegar kemur að líffræðilegri fjölbreytni. Í gegnum skipulagsgerð bera sveitafélög mikla ábyrgð á líffræðilegri fjölbreytni en einnig þegar kemur að ýmsum leyfisveitingum og eftirliti sem sveitafélög eiga að sinna en hafa ekki burði til.

Prófarkarlestur

Nokkuð er um innsláttarvillur í Grænbókinni og hvetur stjórn Landverndar til þess að hún verði prófarkarlesin fyrir næstu útgáfu. Tvö dæmi á bls. 15

- „sálfbæra nýtingu“ sem á líklega að vera „sjálfbæra nýtingu“
- „aðgang að erfðaauðlinda og..“ sem á líklega að vera „aðgang að erfðaauðlindum og..“

Á bls. 31 er skammstöfunin LFB notuð sem kemur ekki fyrir annarsstaðar í textanum og er ekki skýrð.

Lokaorð

¹⁰ [Fréttatilkynning: ESA segir íslenska ríkið og ráðherra brotlega - Landvernd](#)



Vernd líffræðilegrar fjölbreytni er undirstaða afkomu mannsins á jörðinni. Aðgerðir stjórnvalda, fyrirtækja og einstaklinga á Íslandi eru í engu samræmi við þetta. Að mati stjórnar Landverndar getur grænbók um líffræðilega fjölbreytni verið mjög góður byrjunarpunktur til að bæta þar úr.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Landverndar

Auður Önnu Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri